

17. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 21. ágúst 2019 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

Lögð var fram tillaga að dagskrárbreytingu, að inn komi tveir nýir dagskrárliðir, þ.e. 1.5 og 2.18, og var hún samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. 178. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-101.

Mál nr. 1; Nýidalur (L165352); skálasvæði, salernishús, tjaldsvæði og hestagerði; Deiliskipulag – 1905071.

Lögð er fram umsókn Landform ehf. Co. Oddur Hermannsson, dags. 24. maí 2019, fyrir hönd Ferðafélags Íslands, um gerð nýs deiliskipulags Nýjadals L165352. Umsókninni fylgir deiliskipulags- og matslýsing fyrir skálasvæði, salernishús, tjaldsvæði og hestagerði. Skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs við mynni Nýjadals sunnan Nýjadalsár. Þá er skálasvæðið innan þjóðlendu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu dagsetta 21.5.2019. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 2; Holtsbraut 15 (L193068); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús – viðbygging – 1905058.

Tekin var fyrir umsókn Grétars Böðvarssonar og Sigrúnar Hrefnu Sverrisdóttur, dags. 17. maí 2019, á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 29. maí 2019 um byggingarleyfi til að byggja við sumarhús 68 m² á sumarhúsalóðinni Holtsbraut 15 (L193068) í Ásahreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 92,9 m². Málinu var vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu. Stofnaðar hafa verið um 20 lóðir á svæðinu.

Skipulagsnefnd mælist til að hreppsnefnd Ásahrepps samþykki að fela byggingarfulltrúa UTU að gefa út byggingarleyfi, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Ofangreind afgreiðsla skipulagsnefndar var send út til aðalmanna hreppsnefndar Ásahrepps, hvort hreppsnefnd samþykkti að fela byggingarfulltrúa UTU að gefa út byggingarleyfi vegna Holtsbrautar 15, Ásahreppi.

Allir aðalmenn í hreppsnefnd Ásahrepps svöruðu því jákvætt og er samþykkt að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi. Grétar Böðvarsson hefur fengið undirskriftir allra hlutaðeigandi aðila og vinsamlegast hafið samband við hann um þau gögn, ef hann hefur ekki þegar skilað þeim inn til embættisins.

Þessi samþykkt hreppsnefndar Ásahrepps gagnvart umræddu erindi er varðar Holtsbraut 15 var staðfest með tölvuskeyti til embættisins þann 28. júní 2019.

Mál nr. 25; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 101 – 1905004F,
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. maí 2019 lagðar fram til kynningar.

- 1.2. 179. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-102.
Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 -102 – 1906002F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. júní 2019 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 180. fundur skipulagsnefndar.
Mál nr. 1; Ás 3 II-1 land L204642; Ás 3 lóð II-1b; Stofnun lóðar – 1906051.
Lögð fram að nýju umsókn Guðjóns Inga Haukssonar, dags. 09. júní 2019, um stofnun 19.881 m² lóðar úr landi Ás 3 II-1land L204642 sem verður 31.686 m² að stærð eftir lóðarstofnun skv. uppfærðu lóðarblaði. Gert er ráð fyrir að nýja lóðin fái heitið Ás 3 II-1b. Ekkert deiliskipulag liggur fyrir og ekki er fyrirhugað að byggja á lóðinni. Aðkoma er um núverandi veg frá Ásvegi (nr. 275).

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar. Þá er ekki gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Leitað var til hreppsnefndar Ásahrepps um afgreiðslu þessa erindis Guðjóns Haukssonar. Allir heppnefndarfulltrúar hafa samþykkt afgreiðslu skipulagsnefndar og er samþykkt að umrædd lóð verði stofnuð og jafnframt landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Þessi afgreiðsla hreppsnefndar Ásahrepps var staðfest með tölvuskeyti til embættisins þann 29. júlí 2019.

- 1.4. 181. fundur skipulagsnefndar.
Mál nr. 1; Lækjartún Ásahreppur Tengivirki vegna jarðstrengs Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi Deiliskipulag – 1805013.
Lögð er fram f.h. Landsnets, deiliskipulagstillaga Eflu, uppdráttur og greinargerð dags. 9.8.2019, vegna tengivirkis í landi Lækjartúns í Ásahreppi. Fyrirhuguð er bygging tengivirkishúss, norðan Suðurlandsvegur. Afmörkuð verður lóð fyrir tengivirkið og settir byggingarskilmálar fyrir það. Aðkoma að tengivirkinu verður af Suðurlandsvegi, austan Kálfholtssvegur (nr. 288) og um nýjan aðkomuveg.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

- 1.5. Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar, dags. 20. ágúst 2019.
Lögð fram fundargerð fjallskiladeildar Holtamannafréttar og hún samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 16. fundur stjórnar Odda bs.
2.2. 17. fundur stjórnar Odda bs.
2.3. 4. fundur stjórnar Húsakynna bs.
2.4. 3. fundur stjórnar Lundar, ásamt ársreikningum Lundar 2018, ársreikningum byggingarsjóðs 2016, 2017 og 2018 og ársreikningum gjafasjóðs 2017 og 2018.
2.5. 205. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
2.6. 67. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

- 2.7. 40. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Sk. ásamt ársreikningi 2018 og drögum að endurskoðuðum samþykktum.
- 2.8. 59. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. ásamt ársreikningi 2018.
- 2.9. 3. fundur stjórnar Skógasafns.
- 2.10. 197. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.11. 282. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.12. 283. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.13. Stjórnarfundur Bergisans bs, 26. júní 2019.
- 2.14. 546. fundur stjórnar SASS.
- 2.15. 547. fundur stjórnar SASS.
- 2.16. 75. fundur svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.
- 2.17. 872. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.18. 13. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.

3. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2019.

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2019.

4. Erindi frá fulltrúum E-lista:

4.1. Samstarfssamningur við KFR.

Lagt fram erindi E-lista þar sem óskað er eftir að endurskoðuð verði afstaða hreppsnefndar Ásahrepps, frá 8. fundi, dagskrárliður 12.6, þar sem hreppsnefnd benti á að sveitarfélagið greiddi tómstundastyrk sem kæmi í stað beinna styrkja til félagsins. Fulltrúar E-lista fara fram á að Ásahreppur styrki málefnið með beinum hætti.

Lagt var fram tölvuskeyti frá KFR sem upplýsir hvernig æfingagjöld eru innheimt.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að eiga viðræður við stjórn KFR um þjónustusamning milli aðila í tengslum við samningagerð KFR við Rangárþing ytra og Rangárþing eystra.

4.2. Staða fulltrúa E-lista í stjórn Odda bs. – réttindi og skyldur.

Fulltrúar E-lista óska eftir því að kannað verði hvort farið hafi verið eftir settum reglum, þegar áheyrnarfulltrúa E-lista sem skipaður er í fastanefnd af fulltrúum í sveitarstjórn, var vísað út af fundi undir liðnum trúnaðarmál.

Sveitarstjóri hafði samband við innri endurskoðanda sveitarfélagsins og óskaði eftir afstöðu og áliti hans á málinu. Svar endurskoðanda var lagt fram á fundinum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða, að gefnu tilefni, að óska eftir því við sveitarstjórn Rangárþing ytra að gerð verði úttekt á lagalegri stöðu áheyrnarfulltrúa sem skipaðir hafa verið úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa í sameiginlegum stjórnnum byggðasamlaga, ráðum og nefndum. Nauðsynlegt er að kanna sérstaklega stöðu áheyrnarfulltrúa á fundum þegar trúnaðarmál eru tekin fyrir. Ef talið verður nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á samþykktum byggðasamlaga eða á samþykktum sveitarfélaganna, til að tryggja stöðu áheyrnarfulltrúa sveitarstjórnanna, verði unnin tillaga að breytingu þeirra þannig að bæði sveitarfélögin verði með sambærilegar afgreiðslur. Líta þarf sérstaklega til laga um persónuvernd við þessa vinnu.

5. **Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.**
Lögð fram tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029.

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur á þessari stundu engar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu. Óskar hreppsnefnd jafnframt eftir afstöðu skipulagssembættis sveitarfélagsins.

6. **Viðbragðsáætlun; samfélagsleg áföll, langtímaviðbrögð Ásahrepps.**

Lögð fram drög að viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla og langtímaviðbrögð fyrir Ásahrepp.

Hreppsnefnd bendir á að nokkur formsatriði þarf að laga áður en endanleg viðbragðsáætlun verði gefin út og felur sveitarstjóra að vinna að lagfæringu gagnanna með almannavörnum. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi tillögu og væntir þess að hún verði staðfest við fyrstu hentugleika og kynnt.

7. **Viðhald hesthússins í Þóristungum.**

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna viðhalds á hesthúsinu í Þóristungum. Að mati fagaðila er ekki raunhæft að setja í nýja hurðir í húsið, eins og samþykkt hafði verið, nema að frekari lagfæringar eigi sér stað, þ.e. að skipta um fótrem í tveimur hliðum og klæða tvær hliðar með Aluzinki.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að ræða við Rangárþing ytra um verkefnið áður en endanleg ákvörðun er tekin.

8. **Innsend bréf og erindi:**

- 8.1. Tölvuskeyti Verkalýðsfélags Suðurlands, dags. 4. júlí 2019; staðan í kjaramálum félagsmanna.

Lagt fram tölvuskeyti Verkalýðsfélags Suðurlands þar sem vakin er athygli á stöðu sem ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum á félagssvæði þess.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að Samband Íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Í umboðsgjöf sveitarfélaganna kemur m.a. eftirfarandi fram "Umboð þetta er fullnaðarumboð og eftir að það hefur verið gefið er sveitarfélaginu ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningsgerð. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að hlíta markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem sambandið gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum, með staðfestingu stjórnar sambandsins."

Sveitarfélaginu er því með öllu óheimilt að hlutast til í máli þessu og getur því ekki orðið við beiðni Verkalýðsfélags Suðurlands.

- 8.2. Tölvuskeyti Einars F. Elínarsonar, dags. 4. júlí 2019; ályktun um heimavist FSu. Lagt fram tölvuskeyti Einars F. Elínarsonar f.h. starfshóps á vegum SASS, um húsnaðisúrræði nemenda við Fjölbrautarskóla Suðurlands.

Lögð var fram ályktun um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands:

Þau sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur heilshugar undir ályktunina.

- 8.3. Bréf Eldhesta, dags. 3. júlí 2019; Heysala í Þóristungum.
Lagt fram bréf Eldhesta, dags. 3. júlí 2019, þar sem óskað er eftir því að Eldhestar fái að kaupa hey beint og sjá um flutning þess í Þóristungur. Bent er á að verðið í Þóristungum hefur verið tvöfalt hærra en hjá sambærilegum aðilum s.s. á Kili. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hey verði keypt af þjónustuaðila innan sauðfjárvarnarhólfis Ásahrepps og innheimt verði girðingar- / aðstöðugjald kr. 350 á hvern hest.
- 8.4. Bréf Guðjóns Inga Haukssonar, dags. 20. júní 2019; aðgengi að spildu III.7 í landi Ás III.
Lagt fram bréf Guðjóns Inga Haukssonar þar sem hann óskar eftir því við hreppsnefnd Ásahrepps, að hún sjái til þess að hann geti komist óhindrað að spildu III.7 í landi Ás III. Hlið við Skollhóla loki aðkomuleiðinni að spildunni og vísar Guðjón í landskiptagjörð sem tryggja á eiganda spildunnar aðgengi um svokallaðan Ásmundarstaðaveg.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við málsaðila um lausn málsins.
- 8.5. Drög að breytingu á reglugerð nr. 608/2008 um Vantajökulspjóðgarð.
Lögð fram drög að breytingu á reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir fyrirleggjandi drög að breytingu reglugerðar.
- 8.6. Bréf nokkurra bænda í Ásahreppi, dags. 10. ágúst 2019; beiðni um styrk við uppgræðslu reiðvegjar.
Lagt fram bréf Brynju J. Jónasdóttir f.h. nokkurra bænda í Ásahreppi þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna aðkeyptrar vinnu við að græða upp reiðveg sem liggur um Sauðholt 1. Var þetta gert til þess að reyna að binda jarðveginn í gljúpum sandinum. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 36.704.
Brynja J. Jónasdóttir vék af fundi við afgreiðslu erindisins.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir ekki að veita umbeðinn styrk, en greitt var atkvæði þar sem tveir samþykktu (ÁBÓ og GG) en tveir á móti (EG og ES) og beiðninni hafnað þar sem atkvæðagreiðsla féll á jöfnu.
- 8.7. Bréf Skógræktarinnar, dags. júní 2019; uppbygging skógarauðlindar á Íslandi.
Lagt fram bréf Skógræktarinnar þar sem óskað er eftir fundi með hreppsnefnd Ásahrepps til að ræða vinnu við landshlutaáætlanir þar sem útfærð er stefna um skógrækt úr s.k. landsáætlun í skógrækt.
Ekki liggur fyrir tímasetning þessa fundar og er sveitarstjóra falið að vera í sambandi við Skógræktina um að finna heppilegan fundartíma.


9. Bréf og erindi til kynningar:

- 9.1. Tölvuskeyti Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, dags. 2. ágúst 2019; breyting á sorphirðuáætlun.
- 9.2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. júní 2019; umsögn um skilgreiningu á mörkum miðhálandisþjóðgarðs.
- 9.3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. júní 2019; álagningarprósentur fasteignaskatts.
- 9.4. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. júní 2019; tillaga meirihluta fjárlaganefndar Alþingis, framlög til Jöfnunarsjóðs.


ES

EG

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:05.




Ásta B. Ólafsdóttir



Guðmundur Gíslason




Brynja J. Jónasdóttir



Elín Grétarsdóttir



Egill Sigurðsson



Valtýr Valtýsson